

Lagabreyting á 5.gr. laga.

II. kafli. Aðild.

5. grein.

Starfsskýrslur/ársskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal og ársreikninga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglíngastarfi.

Aðildarfélög skuli skila ársskýrslum til sambandsins að loknum aðalfundum sínum eða eigi síðar en 31. maí. Ársskýrslur skulu innihalda skýrslu stjórnar með árituðum ársreikningi.

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags. Geri viðkomandi félag ekki skil á ársskýrslum á réttum tíma tvö ár í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna 30% til afreksmannasjóðs HSV og 70% í búnaðarsjóð HSV. Að auki getur ársþing HSV tekið ákvörðun um að félaginu skuli vikið úr sambandinu. Ákveði þing að víkja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

Félag sem fellt hefur verið úr sambandinu getur óskað eftir aðild að HSV að nýju. Skal þá fara með umsóknina samkvæmt 3. grein þessara laga, að undanskilinni kröfu um framlagningu stofnfélagaskrár.

HSV sér um að dreifa styrkjum til aðildarféлага skv. innsendum ársskýrslum. Styrkir þessir eru bein fjárframlög frá bæjarfélagi, Lottógreiðslur og greiðslur frá Íslenskum getraunum.

Styrkir skulu skipast á milli aðildarféлага skv. eftirfarandi reiknireglu:

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngri en 18 ára
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 18 ára og eldri
3. 5 % miðast við skráða félaga
4. 5 % er skipt jafnt á félög

Lög aðildarféлага sambandsins skulu staðfest af stjórn HSV svo og allar síðari lagabreytingar sem gerðar kunna að vera.

Greinargerð:

Stjórn HSV finnur sterkt fyrir því hversu mikil fjárþörf er í íþróttahreyfingunni. Þrátt fyrir fjölda styrktarsjóða er enginn sjóður sem styrkir búnaðarkaup en stjórn hefur fundið fyrir mikilli þörf á styrkjum til búnaðarkaupa og er búnaður margra félaga orðin úreltur og kominn tími á endurnýjun.

Aftekssjóður fær úthlutað 10% af lottótekjum HSV árlega. Árið 2021 voru það samtals 13.993.251 krónur. Auk þess fær aftekssjóður 1.500.000 milljónir á ári frá Ísafjarðarbæ skv. Samstarfssamningi. Í árslok 2021 var staðan á aftekssjóði 6.958.143 milljónir.

Úthlutað er úr sjóðnum árlega og var úthlutun ársins 2021, 1.399.325 krónur.

Stjórn HSV leggur því til að þær tekjur sem haldið er eftir af lottótekjum til félaga vegna vanefnda á skýrsluskrifum skiptist á milli aftekssjóðs og fræðslusjóðs HSV.

Vísað til laganeftndar sem þingskjal nr. _____3_____

Þakkartillaga

22. ársþing HSV haldið á Ísafirði 11. maí 2022, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Ísafjarðarbæ, bæjarstjórn og íþrótt- og tómstundanevnd þakkir fyrir stuðning við HSV á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

- Bæjarstjórn Bolungarvíkur þakkir fyrir gott samstarf og afnot aðildarféлага HSV að íþróttamannvirkjum í Bolungarvík.

- Starfsmönnum íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur fyrir gott samstarf og þjónustu við iðkendur aðildarféлага HSV.

- Starfsmönnum Stöðin Heilsurækt og Dagný Pálsdóttur þjálfara fyrir gott samstarf um afreksform HSV, styrktarþjálfun fyrir unglínga.

Hvatningatillaga

22. ársþing HSV haldið á Ísafirði 11. maí 2022, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum hvatningarkveðju:

- Til Ísafjarðarbæjar um að standa við gefin loforð um að byggja fjölnota knattspyrnuhús við Torfnæs, enda þörfin á byggingu slíks mannvirkis gríðarleg.

- Til Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Bolungarvíkur um að styðja áfram dyggilega við íþrótt- og æskulýðsstarf.

- Til aðildarféлага sambandsins um að beita sér af aefli gegn allri tóbaksnotkun og annarri notkun fíkniefna hjá félagsmönnum sínum. Sérstaklega hjá iðkendum og þjálfurum. Á meðan að það er vöntun á rannsóknum á skaðsemi rafsígarettu ætti að takmarka notkun þeirra við sömu svæði og reykingar.

Ráðstöfun hagnaðar vegna landsmót 50+

22. ársþing HSV haldið á Ísafirði 11. maí 2022, samþykkir að hagnaður vegna Landsmótshalds 50+ árið 2016 verður settur í styrktarsjóð fyrir aðildafélög HSV ætlaður fræðslu. Stjórn er falið að semja úthlutunarreglur fyrir sjóðinn og bera þær til samþykktar á formannafundi.

Greinargerð:

Árið 2016 var haldið Landsmót UMFÍ fyrir 50+ á Ísafirði og sá HSV um framkæmd mótsins. Mótið heppnaðist mjög vel og fjöldi sjálfboðaliða löggðust á eitt til að hafa mótið sem glæsilegast og halda kostnaði í lágmarki. Hagnaður af mótinu var 2.056.257 krónur og hefur ekki verið ráðstafað.

HSV hefur áhuga á því að standa fyrir fjölbreyttri fræðslu fyrir aðildarfélögin þar sem við fáum ýmsa fyrirlesara til að koma og öllum aðildarfélögum boðið í stað þess að hvert og eitt félag er alltaf að reyna finna pening til að fá ýmsa fræðslu hingað heim. Með þessu spörum við formönnum deilda þá vinnu að útfæra hin ýmsu námskeið. Fjárhagsáætlun HSV er þannig að engar umfram tekjur koma til HSV. Tekjur vegna samstarfssamnings við Ísafjarðarbæ fara í það að greiða laun starfsmanna félagsins og standa undir rekstri HSV. Það er því lítið svigrúm til verkefna sem fela í sér kostnað.

Vísað til fjárhagsnefndar sem þingskjal nr. _____4_____

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Árþing HSV haldið 11 maí 2022 skorar á Ísafjarðarbæ að taka til endurskoðunar reglur um val á Íþróttamanni Ísafjarðarbæjar.

Samkvæmt núgildandi reglum koma aðeins þeir íþróttamenn til greina sem eru iðkendur hjá þeim íþróttafélögum sem eru í Ísafjarðarbæ og skiptir þá engu máli hvort að viðkomandi einstaklingar séu íbúar Ísafjarðarbæjar, eða búsettir í öðrum sveitarfélögum. Ekki koma til greina einstaklingar sem alíst hafa upp innan íþróttahreyfingarinnar hér, ef þeir eru farnir að iðka íþrótt sína í öðrum landshlutum, sem yfirleitt er eina leiðin til að halda áfram að efla sig í greininni og virðist þá ekki skipta neinu máli hvort að þeir séu enn skrásettir í sveitarfélaginu.

Almennt virðast þessar reglur ekki vera samhljóma reglum sem gilda hjá öðrum sveitarfélögum, sem veldur því að þeir íbúar Ísafjarðarbæjar sem þannig er ástatt með og velja að halda áfram á afreksíþróttabrautinni með félögum á öðrum stöðum á landinu, eiga enga möguleika á að vera valdir í kjör á íþróttamanni ársins neinstaðar, þrátt fyrir að vera jafnvel afburða einstaklingar í sinni grein og/eða afburða sem íþróttamaður bæjarfélagsins.

Vísað til allsherjarnefndar sem þingskjal nr. ____5_____

Samvinna héraðssambanda

Árþing HSV haldið 11 maí 2022 skorar á stjórn HSV sem og stjórnir allra annara héraðssambanda á Vestfjörðum að skoða möguleika á aukinni samvinnu eða jafnvel sameiningu sambandanna. Almennt er talið að stærri einingar og fjölmennari séu betur fallin til reksturs og utan um hald á fjölþátta verkefnum.

Sú hugsun virðist ekki hafa náð til héraðssambandanna, en nú er kominn tími til að amk. kanna hvort að sú hugsun geti ekki einmitt átt við um þessa tegund eininga.

Vísað til allsherjarnefndar sem þingskjal nr. _____6_____

Úttekt á Íþróttaskóla HSV.

22. ársþing HSV haldið á Ísafirði 11. maí 2022, hvetur stjórn HSV til þess að standa fyrir faglegri úttekt á starfsemi íþróttaskóla HSV.

Greinagerð: Íþróttaskóli HSV hefur verið starfandi frá haustinu 2011. Nauðsynlegt er að fá fagaðila til þess að gera úttekt á starfsemi skólans og sjá hvaða árangri hann hefur náð til þessa og hvaða upphaflegum markmiðum skólans hefur verið náð. Einnig er mikilvægt að skoða hvort endurskoða þurfi starfsemi íþróttaskólans m.t.t. gæða þjálfunar og áhrifum íþróttaskólans á starfsemi íþróttafélaga á svæði HSV.

Vísað til allsherjarnefndar sem þingskjal nr. ____7____